



Afkoma fjórða ársfjórðungs 2022 og ársins 2022

Íslandsbanki hf.

HELSTU ATRIÐI Í AFKOMU

Helstu atriði í afkomu fjórða ársfjórðungs 2022 (4F22) – sterk rekstrarniðurstaða í sveiflukenndu markaðsumhverfi

- Hagnaður af rekstri Íslandsbanka nam 6,0 ma. kr. á fjórða ársfjórðungi (4F21: 7,1 ma. kr.). Arðsemi eigin fjár var 11,1% á ársgrundvelli (4F21: 14,2%) sem er yfir fjárhagslegum markmiðum bankans. Helstu ástæður góðrar afkomu eru sterk tekjumyndun sem vegur upp á móti hækkun kostnaðar.
- Hreinar vaxtatekjur jukust um 42,9% á milli ára og námu 12,3 ma. kr. á 4F22 samanborið við 8,6 ma. kr. á 4F21. Hækkunin á milli ára skýrist að mestu af hærra vaxtaumhverfi og stækkun inn- og útlánasafns bankans. Vaxtamunur á heildareignir nam 3,1% á 4F22 samanborið við 2,4% á 4F21.
- Hreinar þóknatekjur jukust um 10,5% á milli ára og námu samtals 4,0 ma. kr. á 4F22 samanborið við 3,7 ma. kr. á 4F21. Tekjuaukning hjá Allianz Ísland hf., dótturfélagi bankans, og auknar tekjur af kortum og greiðslumiðlun leiddu hækkunina.
- Bankinn leggur aðaláherslu á kjarnastarfsemi og á 4F22 námu vaxta- og þóknatekjur samanlagt 102% af rekstrartekjum samanborið við 93,7% á 4F21. Þessir tveir tekjulíðir jukust um 33,3% á milli 4F21 og 4F22.
- Hreinn fjármunakostnaður nam 899 m.kr. á 4F22, samanborið við fjármunatekjur að fjárhæð 646 m.kr. á 4F21 sem skýrist að mestu leyti af hreyfingum á vaxtaferlum í íslenskum krónum og erlendum myntum.
- Stjórnunarkostnaður nam 6,8 ma. kr. á 4F22 samanborið við 5,8 ma. kr. á 4F21, hækkun um 18,2% milli ára og skýrist að mestu af aukinni verðbólgu, hækkun á launum og gjaldfærslu á líklegri stjórnvaldssekt.
- Kostnaðarhlutfall bankans lækkaði á milli ára í 42,5% á 4F22 og er undir markmiði bankans, úr 45,3% á 4F21, aðallega vegna sterkrar tekjumyndunar.
- Gjaldfærð virðisrýrnun nam 647 m.kr. á 4F22 og skýrist af væntum áhrifum aukinnar verðbólgu á gæði lánasafnsins. Á 4F21 var virðisrýrnun jákvæð um 639 m.kr. Áhættukostnaður útlána (e. cost of risk) var +0,22 prósentustig á ársgrundvelli á 4F22 samanborið við -0,23 prósentustig á 4F21.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 33,6 ma. kr. á fjórðungnum, eða um 2,9% og voru 1.186 ma. kr. í árslok 2022.
- Aukning var á innlánnum frá viðskiptavinum um 8,3 ma. kr. á fjórða ársfjórðungi 2022 eða um 1,1% og voru 790 ma. kr. í lok árs 2022, aukningin kom aðallega frá Fyrirtækjum og fjárfestum og Einstaklingum.
- Eiginfjár- og lausafjárstaða bankans er áfram sterk og voru öll hlutföll vel yfir innri viðmiðum bankans og kröfum eftirlitsaðila í lok tímabils.

Helstu atriði í afkomu ársins 2022 – Tekjuvöxtur ástæða góðrar afkomu

- Hagnaður af rekstri Íslandsbanka nam 24,5 ma. kr. á árinu 2022 (2021: 23,7 ma. kr.). Arðsemi eigin fjár var 11,8% á ársgrundvelli samanborið við 12,3% fyrir árið 2021.
- Hreinar vaxtatekjur námu samtals 43,1 ma. kr. á árinu 2022 sem er hækkun um 26,7% á milli ára og skýrist af hærra vaxtaumhverfi milli tímabila og auknum inn- og útlánnum. Vaxtamunur nam 2,9% árið 2022, samanborið við 2,4% á árinu 2021.
- Hreinar þóknatekjur hækkuðu um 9,4% milli ára og námu samtals 14,1 ma. kr. á árinu 2022 samanborið við 12,9 ma. kr. á árinu 2021. Auknar þóknarir vegna greiðslumiðlunar, gott gengi Allianz Ísland hf. sem og mikil umsvif í gjaldeyrismiðlun eru megin þættir hækkunarinnar.
- Hreinn fjármunakostnaður nam 1.257 m.kr. á árinu 2022 samanborið við fjármunatekjur að fjárhæð 2.499 m.kr. á árinu 2021. Skýrist það af sveiflum á fjármagnsmörkuðum og hækkun vaxtaferla hérlendis og erlendis.
- Stjórnunarkostnaður nam 23,9 ma. kr. á árinu 2022 samanborið við 23,2 ma. kr. á árinu 2021, sem er hækkun um 3,1% en 4,8% lækkun að raunvirði.
- Kostnaðarhlutfall lækkaði milli ára, frá 46,2% árið 2021 í 42,1% árið 2022.

- Hrein virðisbreyting á árinu 2022 var jákvæð um 1.576 m.kr. (2021: 3.018 m.kr.). Jákvæð virðisbreyting er að mestu tilkomin vegna bjartari horfa í ferðapjónustu ásamt niðurstöðu dómsmáls varðandi lán sem áður var að fullu virðisryrt og vega þessi atriði þyngra en neikvæð áhrif aukinnar verðbólgu og alþjóðlegs óstöðugleika. Áhættukostnaður útlána (e. cost of risk) var -0,14 prósentustig á ársgrundvelli fyrir árið 2022 samanborið við -0,28 prósentustig árið 2021.
- Eigið fé bankans nam 218,9 ma. kr. í lok árs 2022 samanborið við 203,7 ma. kr. í lok árs 2021. Bankinn greiddi alls 11,9 ma.kr. í arð til hluthafa á árinu 2022. Eiginfjárlutfall bankans var 22,2% samanborið við 25,3% í árslok 2021. Samsvarandi eiginfjárlutfall almenns þáttar 1 (CET1) var 18,8%, samanborið við 21,3% í árslok 2021. Það er vel yfir markmiði bankans sem er ~16,5%.
- MREL-krafa (e. Minimum Required own funds and Eligible Liabilities) bankans er 21,2%, reiknuð í hlutfalli af áhættugrunni (e. Total Risk Exposure Amount – TREA). MREL-krafan að viðlögðum eiginfjáráukum var 30,5% í lok árs 2022 og hlutfall bankans var 34,5% í árslok 2022.

Bestun efnahagsreiknings, arðgreiðsla og endurkaup eigin bréfa

- Stjórn Íslandsbanka mun leggja til 12,3 ma. kr. arðgreiðslu við aðalfund bankans, sem er í samræmi við arðgreiðslustefnu bankans.
- Eiginfjárlutföllin gera ráð fyrir áður áætluðum endurkaupum á eigin bréfum að fjárhæð 15 ma. kr. Bankinn hefur séð arðbæran vöxt útlána til viðskiptavina á árinu 2022 sem var umfram upphaflegar áætlanir og sér frekari tækifæri til að stækka útlánasafnið. Þá hefur Seðlabanki Íslands, í ljósi alþjóðlegrar efnahagsóvissu og óstöðugleika á fjármagnsmörkuðum, beðið íslensku bankana um að stíga varlega til jarðar þegar kemur að úthlutun eigin fjár á næstunni. Því hefur bankinn í hyggju að hefja endurkaup á eigin hlutabréfum með venjulegu endurkaupaferli að fjárhæð 5 milljarðar króna, sem færi fram á næstu mánuðum og mun tilkynna um slíkt á markaðinn í samræmi við kröfur þar um þegar þar að kemur. Þeir 10 milljarðar króna sem eftir standa verður bætt aftur inn í eiginfjáráuka bankans, sem leiðir til 1 prósentustigs hækkunar á eiginfjárlutföllum bankans. Bankinn mun óska eftir endurnýjaðri heimild til endurkaupa á eigin hlutabréfum á aðalfundi bankans í mars og hefur áform um að bæta enn frekar samsetningu eigin fjár fyrir árslok 2024.

Lykiltölur

		4F22	4F21	2022	2021	2020
REKSTUR	Hagnaður tímabils, m.kr.	5.982	7.092	24.535	23.725	6.755
	Arðsemi eigin fjár	11,1%	14,2%	11,8%	12,3%	3,7%
	Vaxtamunur (af heildareignum)	3,1%	2,4%	2,9%	2,4%	2,6%
	Kostnaðarhlutfall ¹	42,5%	45,3%	42,1%	46,2%	54,3%
	Áhættukostnaður útlána ²	0,22%	(0,23%)	(0,14%)	(0,28%)	0,91%
		31.12.2022	30.9.2022	30.6.2022	31.12.21	31.12.2020
EFNAHAGUR	Útlán til viðskiptavina, m.kr.	1.186.639	1.153.047	1.153.677	1.086.327	1.006.717
	Eignir samtals, m.kr.	1.566.235	1.548.672	1.437.253	1.428.821	1.344.191
	Áhættuvegnar eignir, m.kr.	999.491	1.012.986	992.883	901.646	933.521
	Innlán frá viðskiptavinum, m.kr.	789.897	781.614	756.862	744.036	679.455
	Útlán til viðskiptavina / innlán frá viðskiptavinum	150%	148%	152%	146%	148%
	Hlutfall lána með laskað láns hæfi ³	1,8%	1,7%	1,8%	2,0%	2,9%
LAUSAFÉ	Fjármögnunarhlutfall (NSFR), allir gjaldmiðlar	118%	127%	118%	122%	123%
	Lausafjárlutfall (LCR), allir gjaldmiðlar	205%	371%	147%	156%	196%
EIGIÐ FÉ	Eigið fé samtals, m.kr.	218.874	211.613	203.662	203.710	186.204
	Eiginfjárlutfall almenns þáttar 1 ⁴	18,8%	18,2%	18,2%	21,3%	20,1%
	Eiginfjárlutfall þáttar 1 ⁴	19,8%	19,2%	19,2%	22,5%	20,1%
	Eiginfjárlutfall ⁴	22,2%	21,4%	21,5%	25,3%	23,0%
	Vogunarlutfall ⁴	12,1%	11,9%	12,5%	13,6%	13,6%

1. Reiknað sem: (stjórnunarkostnaður + framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta – einskíptisliðir) / (heildarrekstrartekjur – einskíptisliðir).

2. Neikvæður áhættukostnaður merkir að það hafi verið nettó tekjufærsla úr virðisryrnunarsjóð.

3. Stig 3, útlán til viðskiptavina, vergt bókfært virði.

4. Að meðtöldum hagnaði þriðja ársfjórðungs fyrir 30.9.22.



Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka

Við erum ánægð með afkomu fjórða ársfjórðungs og ársins 2022 í heild. Við tókum þátt í spennandi verkefnum með viðskiptavinum okkar og náðum að vera hreyfiafl til góðra verka með þeim.

Hagnaður fjórða ársfjórðungs nam 6,0 ma. kr. og hagnaður nam 24,5 ma. kr. fyrir árið 2022 og arðsemi var 11,8% á árinu 2022. Tekjur bankans á árinu hækkuðu um rúm 14% frá fyrra ári og þar af hækkuðu hreinar vaxtatekjur um tæp 27% milli ára. Kostnaðarhlutfall fyrir árið í heild var 42,1% sem er betra en markmið bankans, 45%. Aukning í útlánnum kom að jöfnu frá einstaklingum og fyrirtækjum, og nam um 9,2% á ársgrundvelli. Innlán frá viðskiptavinum jukust einnig um 6,2% og styrkti enn frekar megin fjármögnunarstoð bankans.

Aðstæður á alþjóðlegum skuldabréfamörkuðum voru krefjandi mestan hluta ársins. Þrátt fyrir það átti bankinn vel heppnaðar útgáfur á árinu og náði um leið að auka fjölbreytileika í fjármögnun sinni. Það var ánægjulegt að á árinu réðumst við í fyrstu útgáfu bankans á sértryggðum skuldabréfum í evrum og fyrstu útgáfu bankans á vöðugum skuldabréfum í íslenskum krónum.

Við höfum hafið stefnumótunarvinnu með það að markmiði að skilgreina stefnuverkefni bankans til næstu ára. Fjögur ár eru liðin síðan slík stefnumótun fór síðast fram og höfum við náð miklum árangri í þeim verkefnum sem við settum okkur. Að þessu sinni höfum við fengið ráðgjafafyrirtækið McKinsey til að leiða stefnumótunarvinnuna.

Við erum afar ánægð með góðan árangur allra viðskiptaeininga sem eru að skila sterkri arðsemi. Við erum leiðandi meðal lítilla og meðalstórra fyrirtækja og með hæstu markaðshlutdeild hjá 300 stærstu fyrirtækjum landsins. Þessi árangur skiptir okkur gríðarlega miklu máli þar sem þessi fyrirtæki eru afar mikilvægur hluti íslensks efnahagslífs og hafa veitt kraftmikla viðspyrnu í efnahagslegu umróti síðustu missera.

Á aðalfundi bankans í mars 2023 munum við óska eftir samþykki á arðgreiðslu í samræmi við arðgreiðslustefnu bankans. Bankinn mun einnig hefja endurkaup á eigin bréfum. Við erum spennt fyrir árinu 2023 og tækifærunum sem framundan eru með viðskiptavinum okkar og samstarfsaðilum.



FJÁRFESTATENGLS

Vefstreymi föstudaginn 10. febrúar 2023

Íslandsbanki mun halda vefstreymi föstudaginn 10. febrúar kl. 8.30 fyrir markaðsaðila. Birna Einarsdóttir, bankastjóri og Jón Guðni Ómarsson, fjármálastjóri munu kynna afkomu bankans og helstu atriði í rekstri hans á ársfjórðungnum. Fundurinn fer fram á ensku.

Vefstreymið fer fram [á þessari síðu](#). Upptaka af fundinum verður aðgengileg á heimasíðu fjárfestatengsla að honum loknum. Markaðsaðilar geta einnig hringt inn á fundinn og lagt fram spurningar munnlega með því að skrá sig [á þessari síðu](#). Þar kemur upp listi yfir innhringingarnúmer og persónulegt PIN-númer. Ef það er ekki til staðarnúmer fyrir landið þitt, eða ef þú vilt fá símtal í stað þess að hringja inn, er hægt að nota „Hringja í mig“ valkostinn. Veldu þá landið þitt, sláðu inn símanúmerið þitt og smelltu á bláa „Call me“ hnappinn til að tengjast.

Fjárhagsdagatal

Stefnt er að halda aðalfund Íslandsbanka og birta árshluta- og ársuppgjör á neðangreindum dagsetningum:

Aðalfundur – 16. mars 2023

Árshlutauppgjör 1F23 – 4. maí 2023

Árshlutauppgjör 2F23 – 27. júlí 2023

Árshlutauppgjör 3F23 – 26. október 2023

Vinsamlega athugið að dagsetningarnar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

Fjárfestaefni

Allt fjárfestaefni mun verða birt á heimasíðu fjárfestatengsla þar sem upplýsingar um fjárhagsdagatal og þögn tímabil eru einnig aðgengilegar:

<https://www.islandsbanki.is/is/flokkur/bankinn/fjarfestatengsl>

Afkomuefni

Ítarlegri umfjöllun um rekstrarafkomu 4F22 og ársins 2022 má finna í **enskri útgáfu** fréttatilkynningar. Sé misræmi á milli tilkynninga á íslensku annars vegar og ensku hins vegar, skal enska útgáfan gilda.

Fyrirvari

Framangreind fréttatilkynning gæti vísað til spár um framtíðarhorfur sem er háð áhættu- og óvissuþáttum og getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari fréttatilkynningu. Íslandsbanki hf. hefur ekki skyldu til að, og mun ekki, uppfæra þessar spár um framtíðarhorfur félagsins til að endurspegla atburði og aðstæður sem eiga sér stað eftir útgáfu þessarar fréttatilkynningar. Það er ábyrgð fjárfestis að reiða sig ekki seinna meir á spár um framtíðarhorfur sem eru settar fram í þessari fréttatilkynningu þar sem þær eiga eingöngu við á þeim tíma sem hún er gefin út. Spár um framtíðarhorfur gefa ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur og eru allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins fullgildar í heild sinni með tilliti til þessa fyrirvara.